

Alþingi
Erindi nr. P 130/1661
komudagur 5.4.2004

Nefndasvið Alþingis
Efnahags og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2. apríl 2004

Tilvísun: 2004030046

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 11. mars 2004, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um sjálfstæði og eflingu Fjármálaeftirlitsins, þskj. 790 - 518. mál.

Fjármálaeftirlitið vill taka fram í upphafi að það fagnar umræðu um stöðu þess og verkefni enda er nauðsynlegt að hafa vakandi auga með því á hverjum tíma hvort staða opinbers eftirlits og starfsskilyrði hæfa aðstæðum á fjármálamarkaði á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitið telur hins vegar ekki þörf á skipun sérstakrar nefndar til slíkrar umfjöllunar, af ástæðum sem raktar eru hér á eftir.

1.

Umræða um eftirlit á fjármálamarkaði þarf að vera stöðug og hefur löggjafinn leitast við að skapa henni nauðsynlegan farveg. Í því sambandi má nefna eftirfarandi:

- Samkvæmt 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um starfsemi sína ár hvert. Í framhaldi af því gerir viðskiptaráðherra Alþingi árlega grein fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins.
- Samkvæmt 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skal Fjármálaeftirlitið gefa viðskiptaráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í framhaldinu leggur viðskiptaráðherra fram frumvarp vegna breytinga á álagningarhlutföllum, ef ástæða er talin til að breyta þeim.
- Á gildistíma framangreindra lagaákvæða hefur viðskiptaráðherra lagt samhliða fram frumvarp til laga um breytingu á álagningarákvæðum og skýrslu um starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpinu hefur jafnan verið efnismikil umfjöllun um starfsemi Fjármálaeftirlitsins og rekstur. Þannig fylgdi síðasta frumvarpi umfjöllun um fjármögnun fjármálaeftirlita og þátttaka í mótun reglna og skýrsla til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2004, þar sem fjallað er um rekstur á árinu 2002, áætlaðan rekstur á árinu 2003 og áætlun fyrir árið 2004 og álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun. Einnig fylgdi greinargerð um rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins fyrir næstu þrjú ár. Í þeirri greinargerð er fjallað um þróun eftirlits á fjármálamarkaði á erlendum og innlendum vettvangi, áhrif nýlegra og væntanlegra lagabreytinga á Fjármálaeftirlitið og að síðustu starfsemi Fjármálaeftirlitsins, þ.e. starfstílhögun og markmið. Þá fylgdi frumvarpinu skýrsla Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra um starfsemi þess frá 1. júlí 2002 til 30. júní 2003, en þar er m.a. að finna yfirlit yfir starfsemina, mat á þróun og horfum á fjármálamarkaði og áherslur næstu misseri.

Framangreind gögn nýtast Alþingi við umfjöllun um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum. Hafa þessi mál verið tekin til ítarlegrar umfjöllunar í efnahags- og viðskiptanefnd

Alþingis. Rétt er ennfremur að taka fram að starfsheimildir Fjármálaeftirlitsins eru jafnan til skoðunar í tengslum við umfjöllun um mótun eða endurskoðun löggjafar á fjármálamarkaði.

2.

Fjármálaeftirlitinu er skapað aðhald á alþjóðlegum vettvangi og til þess gerðar kröfur um samræmi í tilhögun eftirlits við það sem best gerist annars staðar. Þannig hefur Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kannað ítarlega hvort Fjármálaeftirlitið uppfylli alþjóðlegar grunnreglur sem settar hafa verið um árangursríkt fjármálaeftirlit og telst Fjármálaeftirlitið nú uppfylla þær kröfur í flestum atriðum. Ennfremur er Fjármálaeftirlitið aðili að samstarfsnefndum banka-, verðbréfa- og váttrygginga/lífeyrissjóðaeftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu, en þessum nefndum er ætlað að samræma eftirlit og túlkanir á reglum sem stafa frá Evrópusambandinu. Fjármálaeftirlitið hefur skuldbundið sig til þess að uppfylla grunnreglur sem þessar nefndir setja á ýmsum afmörkuðum sviðum og er fylgst með því að svo sé gert.


3.

Stjórnskipuleg staða eftirlitsstofnunar á fjármálamarkaði var tekin til ítarlegrar skoðunar við undirbúning að stofnun Fjármálaeftirlitsins. Í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, kom eftirfarandi m.a. fram: " Mikilvægt er að eftirlitsstofnun fái að starfa óháð öðrum hagsmunum en þeim sem í eftirlitinu felast. Þetta verður best tryggt með því að tryggja þessari starfsemi sjálfstæði. Því er í frumvarpi þessu lagt til að með eftirlitið fari sérstök stofnun, Fjármálaeftirlitið. Stofnuninni er ætlað mikið sjálfstæði til ákvarðana og er gert ráð fyrir að stofnunin hafi sérstaka stjórn. Einnig er gert ráð fyrir að ákvörðunum stofnunarinnar verði vísað til sérstakrar kærunefndar en ekki ráðherra. Gert er ráð fyrir að stofnunin falli stjórnskipulega undir viðskiptaráherra, en honum er ekki ætlað vald til að hafa áhrif á ákvarðanir stofnunarinnar eða til að endurskoða þær." Þessi skipan hefur gefist vel að mati Fjármálaeftirlitsins.

Með vísan til alls framangreinds telur Fjármálaeftirlitið ekki þörf á skipun sérstakrar nefndar nú sem geri úttekt á starfsskilyrðum Fjármálaeftirlitsins og stöðu þess gagnvart ráðherra, ríkisstjórn og aðilum á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið er hins vegar nú sem endranær reiðubúið að aðstoða við og taka þátt í umfjöllun um stöðu þess. Í því sambandi er rétt að benda á að heimasíða Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is, hefur að geyma ítarlegar upplýsingar um stofnunina og starfsemi hennar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Páll Guðnar Pálsson



Ragnar Haflíðason